



Reglur og upplýsingar Goðamót Þórs 2016 í 6. flokki kvenna

- Allir keppendur fá sams konar þátttökupening.
- Allir keppendur fá mótsgjöf frá Goða.
- Aðeins er bikar fyrir 1. sætið í hverri deild.
- Leikir í forkeppni A og B eru 1x12 mínútur, allir aðrir leikir eru 2x10 mínútur.
- Markamunur skiptir aldrei máli við röðun liða, ekki heldur skorud mörk eða fengin á sig. Ef lið eru jöfn að stigum raðast þau eftir innbyrðis viðureign(um) og síðan hlutkesti ef þarf.
- Öll úrslit eru skráð með að hámarki þriggja marka mun.
- Ef markamunur er orðinn meiri en þrjú mörk er liðinu sem er undir heimilt að bæta inn leikmanni (tveimur eða fleiri ef munurinn er 6+), en ef munur fer aftur niður í þrjú mörk skal aftur jafna í liðunum.
- Ekki er spilað beint um sæti frá fimmta og niður úr heldur er raðað í báða leiki sunnudagsins að lokinni keppni á laugardegi þannig að sem flest lið fái jafningjaleiki, en þó með það til hliðsjónar að lágmarka fjölda innanfélagsleikja.

Keppnisfyrirkomulag

Argentína og Brasilía

A og B-lið eru sameinuð í stuttri forkeppni sem fram fer á föstudegi. Liðunum 16 er skipt í fjóra riðla og spilaðir styttri leikir (1x12 mínútur). Tvö efstu í hverjum riðli fara í keppni A-liða, tvö neðri í keppni B-liða. Eftir það er hvor flokkur spilaður í einni 8 liða deild, allir gegn öllum (engir úrslitaleikir).

Chile og Danmörk

12 lið í hvorri deild, skipt í tvo sex liða riðla. Tvö efstu liðin í hvorum riðli fara í undanúrslit. Liðin sem eru í 3.-6. sæti í riðlunum fá svo tvo viðbótarleiki á sunnudegi við lið á svipuðu róli í hinum riðlinum.

Tímaskipulag

Mótsstjórn setur upp tímaskipulag fyrir matartíma í Glerárskóla, sundferðir í Glerárlaug og rútuferðir í Ísgerðina í Kaupangi. Mælst er til þess að fararstjórar/liðsstjórar fari eftir þessu skipulagi eins og kostur er til að allt gangi sem best fyrir sig.

Glerárlaug

Fritt er í Glerárlaug fyrir þátttakendur og liðsstjóra (sýna þarf armböndin) á meðan á mótinu stendur, en til að jafna álag á búningaklefa og í laugina getum við ekki leyft frjálssar ferðir allra hvenær sem er. Innangengt er úr Glerárskóla í sundlaugina.

Ís frá Ísgerðinni

Allir þátttakendur fá frían ís í brauðformi í Ísgerðinni í kaupangi, **en þetta gildir aðeins fyrir þá þátttakendur sem fara með skipulögðum rútuferðum frá Hamri, félagsheimili Þórs.** Einn fullorðinn fararstjóri/liðsstjóri þarf að fara með hverju liði. Sett hefur verið upp tímaplan fyrir öll liðin fyrirfram og eru liðsstjórar/fararstjórar beðnir um að fara eftir því skipulagi.

Að auki býður Ísgerðin öllum þátttakendum og fjölskyldum þeirra 20% afslátt af ís á meðan mótið stendur yfir.

Máltíðir

Innifalið í fullu mótsgjaldi er kvöldverður á föstudegi, morgunverður, hádegisverður og kvöldverður á laugardegi og morgunverður og pylsupartí á sunnudegi, auk þess sem í boði verða niðurskornir ávextir í Hamri á sunnudag.

Innifalið hjá þátttakendum frá Þór og KA er hádegisverður á laugardegi og ávextir og pylsupartíið á sunnudegi.

Gisting

Gisting liða er í Glerárskóla. Skólinn verður opnaður kl. 15 á föstudegi og eru fararstjórar beðnir um að virða það að við getum ekki hleypt neinum inn í skólann fyrir þann tíma. Gestir sem koma fyrir í bæinn eru velkomnir í Hamar, félagsheimili Þórs.

Greiðsla þáttökugjalda og afhending armbanda

Þáttökugjöld má annað hvort greiða inn á reikning mótsins, 0565-26-147500, kt. 670991-2109, staðfestingarpóstur sendist á godamot@thorsport.is. Við greiðslu þáttökugjalda dregst áður greitt staðfestingargjald frá heildarupphæðinni. Einnig má greiða hjá gjaldkera á 2. hæð í Hamri, félagsheimili Þórs, fyrir fyrsta leik liðs í mótinu. Armbönd fyrir keppendur, liðsstjóra og þjálfara fást afhent á sama stað.

Afsláttarkjör í Sambíóin

Þátttakendum og fararstjórum er boðið upp á afsláttarkjör í Sambíóin.

Tilboð: (1) Bíómiði á 650 kr., (2) bíómiði, lítill popp, lítið gos á 1.050 kr., (3) bíómiði, miðstærð popp og miðstærð gos á 1.200 kr., (4) bíómiði, lítið popp og safi á 1.100 kr. Sýnið armbandið – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*